

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1988.

1. gr.

Lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum, læknum, dýralæknum og sveitarfélögum með lyfjasölu, og öðrum lyfjaeftirlitsþegum ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1988, vegna lyfjaeftirlits, sbr. 52. og 53. gr. lyfjalaga, nr. 108, 14. nóvember 1984. Gjaldið er sem hér segir:

| | Kr. | | Kr. |
|--------------|---------|---------------|---------|
| I. flokkur | 118.000 | VI. flokkur | 218.000 |
| II. flokkur | 104.000 | VII. flokkur | 160.000 |
| III. flokkur | 90.000 | VIII. flokkur | 115.000 |
| IV. flokkur | 70.000 | IX. flokkur | 30.000 |
| V. flokkur | 49.000 | | |

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:

Keflavíkur Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek
Stjörnu Apótek
Apótek Austurbæjar

II. flokkur:

Borgar Apótek
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Kópavogs Apótek
Vesturbæjar Apótek
Garðs Apótek

III. flokkur:

Akureyrar Apótek
Lyfjaberg
Laugarnesapótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek

IV. flokkur:

Akraness Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Nesapótek, Seltjarnarnesi

V. flokkur:

Apótek Austurlands
Apótek Blönduóss
Apótek Garðabæjar
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Grindavíkur Apótek
Hafnar Apótek

Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði
Apótek Ólafsvíkur
Patreks Apótek
Rangár Apótek
Sauðárkróks Apótek
Sjglufjarðar Apótek
Stykkishólms Apótek
Ölfus Apótek

3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

VI. flokkur:
Delta hf.
G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.
Tóró hf.

VII. flokkur:
Lyf hf.
Medico hf.

VIII. flokkur:
Ásgeir Sigurðsson hf.
Farmasía hf.
Gróco hf.
H. Ólafsson & Bernhöft

4. gr.

Dýralæknar, sem annast lyfjasölu, sbr. 58. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, læknar og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, sbr. 4. gr. reglugerðar um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983, skulu greiða eftirlitsgjald samkv. IX. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deildarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkv. II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkv. IX. flokki.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí 1988. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, ef eigi hefur verið greitt á eindaga. Gjaldið er lögtakskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. maí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir greiddra bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. júní n.k. að telja um 10% frá því, sem þær eru hinn 31. maí 1988.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. maí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.